



**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 15. júní 2005  
Tilvísun: UST20040700083/óaj

## Reykjanes-Rauðimelur, breyting á legu 220 kV háspennulínu, Grindavík og Reykjanesbæ

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 20. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Framkvæmdin felst í breytingu á legu 220 kV háspennulínu Reykjanes – Rauðimelur frá Reykjanesvirkjun að norðaustur enda Sýrfells. Lagðir eru fram tveir valkostir. Annar kosturinn felst í því að leggja 220 kV loftlinu frá norðaustur enda Sýrfells að aðveitustöð virkjunarinnar. Hinn kosturinn felst í því að leggja 220 kV loftlinu meðfram Sýrfelli að austanverðu að enda Sýrfellsdraga og leggja þaðan 220 kV jarðstreng að aðveitustöð virkjunarinnar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdina.

### Náttúruverndarsvæði/náttúruverndaráætlun

Fyrirhuguð háspennulína er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá, þ.e. svæði nr. 106, *Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg*. Í náttúruminjaskrá er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt: *Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg, Grindavík, Reykjanesbæ, (áður Hafnahreppur), Gullbringusýslu.* (1) Mörk liggja úr Mölvík, um 2 km austan við Háleyjabungu, í Þorbjarnarfell og um Lágar og Vörðugjá í Stapafell. Þaðan bein lína í vestur að eyðibýlinu Eyrarbæ við norðurenda Hafnabergs. (2) Reykjanesið er framhald Reykjanesryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gigaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar.

Þetta svæði er jafnframt á náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem samþykkt var á 130. löggjafarpíngi og skal unnið að friðlysingu þess á næstu fimm árum. Um svæðið segir í náttúruverndaráætlun:

„Það svæði sem lagt er til að vernda yst á Reykjanesskaga er um 113 km<sup>2</sup> að stærð og er innan marka sveitarfélaganna Grindavíkur og Reykjanesbæjar. Svæðið hefur verið á Náttúruminjaskrá nokkuð lengi (svæði 106) vegna jarðfræðilegs mikilvægis svæðisins en einnig vegna lífríkis. Mjög mikilvægt er talið að vernda svæðið á grundvelli jarðfræði og eldvirkni svæðisins, m.a. vegna Atlantshafshryggjarins. Lagt er til að svæðið verði verndað sem náttúrvætti vegna jarðfræðilegs mikilvægis en ekki síður vegna lífríkis, einkum fuglalífs og gróðurfars.“

Í viðaukum við matsskýrslu er að finna „Fuglar við Sýrfell á Reykjanesi“, minnispunkta eftir Jóhann Óla Hilmarsson fuglafræðing. Þar kemur fram að „áflugshætta vegna fyrihugaðrar línu er ekki talin mikil, en rannsóknir skortir þó á flugleiðum fugla á þessari leið. Hætta gæti þó verið nokkur nærrí máfavarpinu. Lagt er til, að ef línan rís, þá verði fugladauði af hennar völdum vaktaður“ og viðeigandi ráðstafanir gerðar ef í ljós kemur að mikið af fuglum ferst á tilteknun stöðum. Umhverfisstofnun tekur undir þetta sjónarmið.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er aðgreint í ofannefndu minnisblaði hvenær fjallað er um loftlinu (valkost 1) annars vegar og jarðstreng (valkost 2) hins vegar og því ekki augljós áhrif valkosta á máfavarp. Samkvæmt áðurnefndu minnisblaði er óbreytt lega sennilega besti kosturinn.

### Svæði sem njóta sérstakrar verndar

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu eldvörp, gervigígar og eldhraun njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Háspennulínan mun raska eldhrauni, sama hvor kosturinn verður fyrir valinu. Háspennulína skv. valkosti 1 mun raska hrauni sem rann úr Stampagígaröðinni og lína skv. valkosti 2 liggur um yngra Sýrfellshraun.

Í matsskýrslu segir að valkostur 1 hafi ekki áhrif á einstakar jarðmyndanir sem jarðfræðingar telja sérstakar á þessu svæði. Umhverfisstofnun bendir á að línan liggur um jarðmyndun sem njóta skal sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og mun því raska jarðmyndun sem íslensk stjórnvöld hafa lýst yfir að hafi verndargildi. Jafnframt þarf að hafa í huga að svæðið í heild sinni hefur mikið jarðfræðilegt verndargildi og mun valkostur 1 hafa áhrif á þá jarðfræðilegu heild sem þar er til staðar og er jafnframt utan iðnaðarsvæðis.

### Landslag - sjónræn áhrif

Í matsskýrslu er fjallað ítarlega um sýnileika valkosta 1 og 2. Við vinnslu á sýnileikakorti sem og við val á likanamyndum voru valin nokkur sjónarhorn og útsýnisstaðir, þ.e. við Stampa, Bæjarfell, Valahnúk, Gunnuhver og Þjóðveg austan Sýrfells.

Umhverfisstofnun telur að gæta hefði mátt meira jafnræðis við val á sjónarhornum og útsýnisstöðum. Flestir þeir sem fara um svæðið, hvort er heldur úr norðri eða suðri aka um Nesveg og því hefði átt að bæta við sjónarhorni frá Nesvegi neðan Stampa. Einnig vekur það spurningar að val á sjónarhorni austan Sýrfells á þjóðvegi er ekki í sambærilegri fjarlægð frá valkosti 2 og Stamparnir frá valkosti 1. Það sjónarhorn sem um ræðir er um 500 metra frá valkosti 1 en Stamparnir eru í um 1 km fjarlægð frá valkosti 2.

Í matsskýrslu kemur fram að þar sem háspennulínan í valkosti 1 mun liggja yfir Nesveg „mun hún verða áberandi á ákveðnum hluta vegarins þegar komið er inn á svæðið. Þau áhrif vara þó stutt þar sem enginn viðkomustaður er þar“.

Umhverfisstofnun bendir á að Stamparnir er vinsæll áningastaður. Einnig er líklegt að virkjunin sjálf verði vinsæll áningastaður. Á þessum stöðum mun línan vera frá því að vera sýnileg upp í það að vera mikið sýnileg, samkvæmt sýnileikakorti frá framkvæmdaraðila.

### Mótvægisáðgerðir við sjónræn áhrif

Í matsskýrslu er fjallað um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir vegna sjónræns áhrif framkvæmdarinnar. Þar segir að „ef háspennulína skv. valkost 1 verður lögð mun 11 kV byggðalínu frá Bæjarfelli að iðnaðarsvæðinu verða lögð í jörðu. Með því móti má minnka sjónræn áhrif af völdum raflína í nálægð við Bæjarfell.“

Umhverfisstofnun bendir að ekki hefur verið tilkynnt um þessa framkvæmd fyrir og því ekki ljóst hvert eðli og umfang þessara framkvæmdar er né hvar sé ætlað að fara með jarðstrenginn.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að ekki ætti að skipta máli hvort að þetta sé mótvægisáðgerð við valkost 1 eða valkost 2. Stofnunin bendir einnig á að vegna tilkomu Reykjanesvirkjunar ætti ofangreind byggðalína að vera óþörf, a.m.k. frá Höfnum og suður að Reykjanesvita. Fjarlægja ætti línuna þegar orkuverið verður starfshæft.

### Áhrif á ferðaþjónustu

Vegna hugsanlegra áhrifa þeirra framkvæmda sem hér um ræðir hefur framkvæmdaraðili látið fara fram könnun meðal ferðaþjónustuaðila sem um svæðið fara. Tekið var viðtal við sjö ferðaþjónustuaðila sem fara með ferðamenn um svæðið. Það er álit Umhverfisstofnunar að æskilegt hefði verið að kanna viðhorf ferðamanna til þeirra framkvæmda sem hér um ræðir til að fá heildarmynd af skoðunum þeirra sem um svæðið fara.


Í matsskýrslu kemur fram að lokið hefur verið við gerð stefnumótunar ferðaþjónustu á Reykjanesi. Kemur þar fram að mikill áhugi sé á því að fylga ferðamönnum á Reykjanesi. Framtíðarsýn ferðaþjónustunnar er að hún muni byggja á fjölbreyttri náttúru og þá einkum sérstakri jarðfræði svæðisins.

Umhverfisstofnun telur að að valkostur 1 komi til með að hafa meiri áhrif á ofangreinda stefnumótun en valkostur 2 þar sem línan mun þvera bæði brotalínur í landi sem þarna er ríkjandi og einnig þvera aðal umferðaræðina um svæðið. Valkostur 2, þó svo að hann sé sýnilegri þegar komið er frá Grindarvík, liggar meðfram landslaginu, þ.e. meðfram Sýrfellinu og þverar ekki umferðaræðar.


## Niðurstaða

Í ofangreindri framkvæmd eru lagðir fram tveir kostir, valkostur 1 með loftlinu frá norðanverðu Sýrfelli að virkjun og valkostur 2 með loftlinu austan Sýrfells sem ná mun að Sýrfellsdrögum en þaðan mun jarðstrengur liggja að virkjun. Það er álit Umhverfisstofnunar að valkostur 2 sé betri en valkostur 1. Þar kemur til að loftlína í valkosti 1 mun liggja þvert á brotalínur í landi og einnig liggja þvert yfir Nesveg. Við það mun sjónrænt gildi jarðmyndana sem hafa mikið verndargildi, skerðast. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er eitt af fjortán svæðum á náttúruverndaráætlun umhverfisráðherra sem samþykkt var á 130. löggjafarþingi. Því er hér um talsverða náttúruverndarhagsmuni að ræða. Varðandi áhrif ferðaþjónstu á framkvæmdina þá telur stofnunin að ekki sé hægt að fullyrða um áhrif framkvæmda á ferðaþjónustu í heild sinni þar sem álit ferðamanna á ofangreinda framkvæmd vanti. Það er enn fremur mat Umhverfisstofnunar að valkostir 1 og 2 eins og þeir eru lagðir fram í matsskýrslu framkvæmdaraðila muni hafa í för með sér umtalsverð sjónræn áhrif. Þau áhrif verða að hluta til afturkræf þar sem. möstur og línum er hægt að fjarlægja þegar rekstri virkjunar lýkur. Eftir sem áður munu slóðar og plön standa eftir og stinga í stúf við það umhverfi sem þau eru í.

## Virðingarfyllst



Helgi Jónasson  
Forstöðumaður



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur